
DV Sviðsljós



Meðal gesta við opnunina voru hjónin Helga Backman og Helgi Skúlason ásamt biskupi Íslands, herra Ólafi Skúlasyni.

Kjarvalsstaðir:

Reykjavíkurmyndir Sigfúsar

Um síðustu helgi opnaði Sigfús Halldórsson, tónskáld, málari og margt fleira, myndlistarsýningu á Kjarvalsstöðum. Sýningin er haldin í tilefni sjötugsafmælis listamannsins nú í haust.

Mikið fjölmenni var við opnunina á Kjarvalsstöðum. Myndir Sigfúsar eru allar vatnslitamyndir úr Reykjavík, utan tvær sem eru eldri. Allar hinar voru málaðar á síðustu tveimur árum.

Þó Sigfús sé trúlega þekktastur fyrir Fluguna og aðrar söngperlur hefur hann einnig verið afkastamikill málari. Þetta er áttunda einkasýning hans en auk þess hefur hann tekið þátt í fjölda samsýninga, bæði hérlendis og erlendis. Sýningin á Kjarvalsstöðum stendur fram á Þorláksmessu.

H.Guð.



Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra heilsar upp á listamanninn.

DV-myndir Hanna



Myndin hér að ofan var tekin á fullveldisfagnaði Íslendingafélagsins í London þar sem borgarstjórinn í Reykjavík var sérstakur heiðursgestur. Hér er hann kominn með skonsu á diskinn og gjóar augunum á veitingarnar. Við hlið Davíðs stendur eiginkona hans, Ástríður Thorarensen, og gjaldkeri Íslendingafélagsins, Erlendur Magnússon.

DV-mynd ÁHS

Kveðjur frá höfundum í Eymundsson




Steinunn Sigurðardóttir – **Síðasta orðið,** í Eymundsson í Austurstræti föstudaginn **14. desember kl. 14-15.**




Jón Óttar Ragnarsson – **Á bak við ævintýrið,** í Eymundsson í Austurstræti föstudaginn **14. desember kl. 16-17** og í Eymundsson á Eiðistorgi sunnudaginn **16. desember kl. 14-16.**




Þorgrímur Þráinsson – **Tár, bros og takkaskór** í Eymundsson við Hlemm föstudaginn **14. desember kl. 15-17** og í Eymundsson í Mjódd laugardaginn **15. desember kl. 16-18.**




Ómar Ragnarsson – **Í einu höggi,** í Eymundsson í Kringlunni föstudaginn **14. desember kl. 15-17.**



Einar Már Guðmundsson – **Rauðir dagar,** í Eymundsson í Austurstræti laugardaginn **15. desember kl. 14-16.**



Gils Guðmundsson – **Væringinn mikli,** í Eymundsson í Austurstræti laugardaginn **15. desember kl. 16-18.**



Guðmundur J. Guðmundsson – **Baráttusaga,** í Eymundsson í Kringlunni laugardaginn **15. desember kl. 14-16.**



Tryggvi Emilsson – **Blá augu og biksvört hempa,** í Eymundsson í Kringlunni laugardaginn **15. desember kl. 14-16.**

EYMUNDSSON

BÓKAVERSLUN

AUSTURSTRÆTI · VIÐ HLEMM · MJÓDD · KRINGLUNNI · EIÐISTORGI

91-18880 91-29311 91-76650 91-687858 91-611700

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN HF.